

MINNISBLAÐ

Reykjavík 19. ágúst 2015

V / ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Breytingar hafa orðið á lóðamörkum endurvinnslustöðvarinnar á Dalvegi í Kópavogi og vegna breytinga á skipulagi er fyrirséð að stöðin á Sævarhöfða mun loka innan fárra ára. Nauðsynlegt er að tryggja að endurvinnslustöðvarnar séu staðsettar þar sem hægt er að tryggja íbúum gott aðgengi og að stöðvarnar séu þannig úr garði gerðar að þær þjóni vel tilgangi sínum án þess að stofna íbúum eða starfsfólki í hættu vegna þrengsla. Hér verður fjallað stuttlega um stöðuna á hvorri ofangreindra stöðva fyrir sig.


DALVEGUR

Vegna deilna Kópavogbæjar og eiganda nærliggjandi lóðar þurfti að skerða og taka af lóð endurvinnslustöðvarinnar um 800 m², breyta girðingum, breyta inn- og útkeyrslu og raða upp gámum á nýtt. Fyrir vikið þrengist mjög að viðskiptavinum, starfsmönnum SORPU og verktaka sem færa þarf og taka gáma. Óvíst er að hægt sé að halda uppi fullri þjónustu á annatímum t.d. á vorin þegar mikið berst af gróðri og því má búast við að þjónustan verði skert á stöðinni t.d. verði grasi, trjáklippum og öðrum garðaúrgangi beint annað. Ekki er hægt að auka umferð verktaka svo neinu nemi við færslu og losun gáma án þess að það komi niður á öryggismálum.

SÆVARHÖFÐI

Skv. nýju skipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða víki fyrir byggð. Viðræður hafa átt sér stað við borgina um nýja aðstöðu á Lambhagavegi, rétt við Korputorg. Sú lóð liggur ágætlega við umferð úr Úlfarsárdal, Grafarholti, hluta Mosfellsbæjar og Norðlingaholti. Lóðin liggur ágætlega við umferð úr Grafarvogi og batnar með tilkomu fyrirhugaðrar brúar yfir Korpu. Gert er ráð fyrir að stöðin flytji innan næstu 3ja ára.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstökum þjónustusamningi sveitarfélaganna við SORPU þar sem m.a. er tilgreindur þjónustutími (opnunartími) og þjónustusvæði („upptökusvæði“). Þörf er á endurskoðun þjónustusamningsins í ljósi þróunar og breyttra aðstæðna.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Tillaga að breyttri inn og útkeyrslu á Dalvegi fyrir og eftir breytingu
Yfirlitsmyndir og lóðamörk Lambhagavegar 14